

Tillagan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.  
Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 11. maí 1999.*

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

**Magnús Gunnarsson.**

7. maí 1999

Nr. 319

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. maí 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40. 7. janúar 1998 með áorðnum breytingum breytist þannig:

#### H.3/H.4 Hitaveita Siglufirði.

#### H.4 Hitun húsnæðis um rennislismæli.

Vatnsgjald .....	75,40 kr./m <sup>3</sup>
Fast gjald .....	13.200,00 kr./ári

*Iðnaðarráðuneytinu, 7. maí 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

29. apríl 1999

Nr. 320

## SAMÞYKKT

### um þjónustu byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra við fatlaða í kjördæminu.

1. gr.

Í samræmi við samning byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra og félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. mars 1999, fer stjórn byggðasamlagsins með stjórn og framkvæmd málefna fatlaðra í eftirtöldum sveitarfélögum: Húnaþingi vestra, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi, Bólstaðarhlíðahreppi, Engihlíðahreppi, Vindhælishreppi, Skagahreppi, Höfðahreppi, Blönduóssbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi og Siglufjarðarkaupstað.

Stjórn byggðasamlagsins getur falið einstökum sveitarfélögum eða byggðasamlögum sveitarfélaga, að framkvæma einstaka þætti samningsins skv. samkomulagi við aðila og með samþykki félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ber ábyrgð á að íbúum í Norðurlandskjördæmi vestra sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim.

## 3. gr.

Svæðisráð málefna fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra hefur sama hlutverk gagnvart byggðasamlaginu eða þeim aðila sem það felur reksturinn, sbr. 1. gr., og gagnvart Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.

## 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverki gagnvart byggðasamlaginu eða þeim aðila sem það felur reksturinn, sbr. 1. gr., og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

Samþykkt þessi sem gerð er af sveitarstjórnnum Húnaþings vestra, Áshrepps, Sveinstaðahrepps, Torfalækjarhrepps, Svínavatnshrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Engihlíðarhrepps, Vindhælishrepps, Skagahrepps, Höfðahrepps, Blönduóssbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps og Siglufjarðarkaupstaðar, að undangengnum samningi milli sveitarfélaganna og félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. mars 1999, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. apríl 1999.*

**Páll Pétursson.**

*Sturlaugur Tómasson.*

Nr. 321

4. maí 1999

## REGLUGERÐ

### um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 18 ára.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur einvörðungu til þess þegar skýrsla er tekin fyrir dómi af brotaþola, sem er yngri en 18 ára. Hún á hins vegar ekki við þegar lögregla tekur skýrslu af brotaþola eða aflar gagna eða upplýsinga frá honum, sbr. þó 12. gr.

## 2. gr.

Ákvæði II. og III. kafla gilda almennt um skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola, yngri en 18 ára, hvort sem ákæra hefur verið gefin út eða ekki. Ákvæði IV. kafla eiga að auki við þegar skýrsla er tekin fyrir dómi af brotaþola, yngri en 18 ára, meðan á rannsókn máls stendur, sbr. 74. gr. a í lögum um meðferð opinberra mála.

#### II. KAFLI

##### Aðstæður við skýrslutöku.

## 3. gr.

Skýrsla af brotaþola, sem er yngri en 18 ára, skal almennt tekin á dómþingi fyrir luktum dyrum, sbr. b-lið 8. gr. laga um meðferð opinberra mála.

## 4. gr.

Ef brotaþoli er yngri en 14 ára eða um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga skal skýrslutaka að jafnaði fara fram annars staðar en í dómsal nema brot